



YFIRLÝSING FYRIR FJÖLMÍÐLA

Fyrir hönd okkar hjóna þakka ég fyrir heimboðið og færi sænsku þjóðinni kveðju frá Íslandi. Sú hefð ríkir á Íslandi að nýr forseti hverju sinni heldur í sína fyrstu ríkisheimsókn til Danmerkur og síðan til hinna frændþjóðanna á Norðurlöndum. Með þessum hætti styrkjum við hin rótgrónu tengsl okkar við þá sem standa okkur næst á alþjóðavettvangi og höldum í heiðri norrænt samstarf sem er okkur svo verðmætt, einn mikilvægasti þáttur utanríkisstefnu þeirrar ríkisstjórnar sem nú er nýtekin við völdum á Íslandi.

Svíar og Íslendingar eiga sameiginlegar fornar rætur og tungumál okkar eru greinar af sama meiði. Á síðustu öld byggðist líka upp í Svíþjóð og á Íslandi það sem við köllum enn með stolti hið norræna velferðarríki, samfélag þar sem áhersla var lögð á að þeim sé liðsinnt sem þurfa á aðstoð að halda, samfélag þar sem einstaklingar geta látið drauma sína rætast og notið eigin atorku en leggja sitt af mörkum til sameiginlegra þarfa; samfélag jafnréttis og mannréttinda þar sem reglur réttarríkis eru í heiðri hafðar.

Á grundvelli sameiginlegra viðhorfa og hefða ætti okkur að takast að standa saman andspænis áleitnum úrlausnarefnum samtímans, ekki síst loftslagsbreytingum, hryðjuverkaógn og þeim vanda sem hefur skapast í Evrópu við það að fólk utan álfunnar flýr fátækt og hörmungar í leit að betra lífi.

Samt sem áður getum við hiklaust litið bjartsýnum augum fram á veg. Í þessari heimsókn munum við hjónin og föruneysi okkar kynnst sænskum lausnum á sviði sjálfbærni og þróunar, meðal annars í byggingariðnaði, auk leiða til að sporna við matarsóun. Þá munum við fræðast um ýmsar sameiginlegar rannsóknir íslenskra og sænskra vísindamanna.

Íslendingum hefur ætíð verið vel tekið í Svíþjóð. Þúsundir landa minna hafa stundað nám eða unnið hér, sumir fest rætur en aðrir snúið heim með góðar minningar. Gagnvegir liggja líka milli Íslands og Svíþjóðar á sviði menningar og lista, að ekki sé minnst á íþróttir. Skemmst er að minnast þess að karlalandslið ríkjanna í handknattleik mættust nýlega á Evrópumóti, nokkrir íslensku leikmannanna leika með sænskum liðum og þjálfari ykkar Svía er íslenskur. Í fyrra var hin íslenska Elísabet Gunnarsdóttir líka valin þjálfari ársins í sænsku kvennaknattspyrnunni og Lars ykkar Lagerbäck reyndist okkur afar vel sem þjálfari karlalandsliðsins. Sumir segja að með honum hafi náðst hin rétta blanda sænsks skipulags og íslenskrar einstaklingshyggju.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég aftur hið góða heimboð. Við hlökkum til dvalarinnar hér í Svíþjóð, hjá frændþjóð okkar.

17. janúar 2018